

Reglur um fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna

1.gr.

Fræðslu- og starfsþróunarsjóður

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og starfsþróunarsjóður lögreglumanna og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem nánar er kveðið á um í kjarasamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssambands lögreglumanna hins vegar, sem og nánar er kveðið á um í lögum Landssambands lögreglumanna (LL) og í reglum þessum. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr.

Hlutverk og meginmarkmið

Hlutverk sjóðsins og meginmarkmið hans er að styðja við sí- og endurmenntun lögreglumanna með því að veita styrki til lögreglumanna á landsbyggðinni sem stunda framhaldsnám eða sækja fræðslu- og þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra og þurfa að búa fjarri heimilum sínum. Heimilt er að veita slíka styrki þegar kennarar/þjálfarar á námskeiðum á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu fara um landið til að kenna viðurkennt námsefni við sí- og endurmenntun lögreglumanna og sérhæfð námskeið.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu teljast ekki til landsbyggðar samkvæmt framangreindu. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að veita styrki til lögreglumanna af höfuðborgarsvæðinu vegna náms, fræðslu- og þjálfunarnámskeiðs sem þeir sækja.

3.gr.

Heimildir til styrkveitinga vegna menntunar og þjálfunar erlendis
Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrk vegna sí- og endurmenntunar lögreglumanna sem sækja nám, fræðslu- og þjálfunarnámskeið erlendis, enda sé sambærilegt nám, fræðsla- og þjálfunarnámskeið ekki í boði hér á landi.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita styrk á grundvelli umsóknar frá lögreglustjóra vegna leiðbeinanda erlendis frá sem fenginn er til kennslu, fræðslu eða þjálfunar lögreglumanna hér á landi en gera má

að skilyrði styrkveitingar að lögreglumönnum frá embættum annarra lögreglustjóra en þess sem sækir um styrk sé jafnframt boðin þátttaka.

4.gr.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum aðilum, tveimur frá Landssambandi lögreglumanna, einum frá Lögreglustjórafélagi Íslands og einum frá dómismálaráðuneyti. Skal formaður stjórnar vera annar tveggja fulltrúa Landssambands lögreglumanna. Til þess að ákvörðun stjórnar sé lögmæt þarf meirihluti stjórnar að greiða henni atkvæði og hið minnsta þrír stjórnarmenn taka þátt í meðferð og afgreiðslu umsóknar. Falli atkvæði jöfn við ákvörðun stjórnar ræður atkvæði formanns niðurstöðu. Að öðru leyti skal stjórnin skipta með sér verkum og móta sér verklag, m.a. við meðferð og úrlausn erinda og umsókna, um fundarstað og skipulag funda o.fl., og getur hún sett sér verklagsreglur.

5.gr.

Fundir stjórnar sjóðsins

Stjórn sjóðsins fundar að jafnaði þrisvar eða fjórum sinnum á ári en oftar ef þurfa þykir. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að fjalla um og afgreiða umsóknir utan reglulegra funda, m.a. á fjarfundi eða í tölvupóstsamskiptum. Í slíkum tilvikum er sérstaklega gætt að því að skjalfesta ákvarðanir og meðferð umsókna og tilkynna skrifstofu LL.

6.gr.

Tekjur sjóðsins

Vinnuveitandi lögreglumanna greiðir sérstakt gjald í Fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna sem eru tekjur sjóðsins og mynda ráðstöfunarfé hans ásamt vaxtafé og skal ráðstöfunarféð standa undir styrkveitingum sjóðsins. Framlag til sjóðsins er eins og um er samið í kjarasamningi. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið í samræmi við meginmarkmið hans og heimildir.

7.gr.

Auglýsing umsókna, móttaka, leiðbeiningar, tímafrestir o.fl.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir styrkjum úr sjóðnum. Í auglýsingu skal m.a. tekið fram um umsóknarfrest, um umsóknareyðublöð og hvar leita má upplýsinga um styrki og umsóknir.

Umsóknir ásamt nauðsynlegum fylgigögnum skulu sendar Landssambandi lögreglumanna sem heldur utan um umsóknir og veitir nánari upplýsingar um málsmeðferð og styrki vegna umsókna, um nauðsynleg fylgigögn o.fl. Endanleg ákvörðun um styrk er þó ætíð í höndum stjórnar sjóðsins.

Heimilt er að sækja um styrk vegna náms, fræðslu- eða starfsþjálfunar sem fyrirhugað er á næstu sex mánuðum frá umsókn og skal stjórn sjóðsins fjalla um og taka ákvörðun um slíkar umsóknir, sbr. nánar 9. grein. Að öðru leyti fer um skil nauðsynlegra fylgigagna umsókna samkvæmt reglum þessum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að hafna umsókn ef meira en sex mánuðir eru liðnir frá því námi, þjálfunarnámskeiði eða fræðslu lauk.

8.gr.

Umsækjendur, umsóknir og fylgigögn

Lögreglustjórar sækja um styrk í sjóðinn vegna náms, þjálfunar og fræðslu lögreglumanns. Skal umsókn bera með sér áritun lögreglustjóra og að jafnaði viðkomandi lögreglumanns. Stjórn sjóðsins leggur til sérstakt umsóknareyðublað í þessu skyni.

Nú sækir lögreglustjóri um vegna fleiri en eins lögreglumanns og/eða vegna fleiri en eins viðburðar sbr. 1. mgr. innan frests sem tilgreindur er í auglýsingu sbr. 7. grein, og skal þá almennt miðað við að lögreglustjóri skili Landssambandi lögreglumanna sérstakri skilagrein eða yfirliti allra umsókna og kostnaðar sem embættið hefur haft af námi, þjálfun eða fræðslu viðkomandi lögreglumanna.

Þó er Starfsmenntunarsjóði Landssambands lögreglumanna fyrir hans hönd, heimilt að sækja um styrk til sjóðsins í þeim tilfellum þegar embætti lögreglustjóra á ekki frumkvæði að eða stendur ekki fyrir námsför, fræðslu- eða þjálfunarnámskeiði hlutaðeigandi. Í slíkum tilvikum er stjórn sjóðsins heimilt að gera að skilyrði styrkveitingar að lögreglumaður hafi verið í starfi lögreglumanns samfellt í að minnsta kosti 12 mánuði, að útgjöld vegna kostnaðar við framhaldsnám, fræðslu eða þjálfun séu í heild eða að hluta til ekki þegar styrkt af

öðrum aðila, eða nám, fræðsla eða þjálfun sem styrkt er varði starf umsækjanda sem lögreglumanns.

Réttur til úthlutunar styrks er bundinn því skilyrði að um sé að ræða lögreglumann sem greiðir félagsgjald til LL. Lögreglumenn í launalausum leyfi sem ekki greiða félagsgjald til LL eiga ekki rétt á styrk en réttur stofnast strax og viðkomandi hefur aftur störf í lögreglu að leyfi loknu.

Með umsókn skulu fylgja gögn um þann kostnað sem lögreglustjóri hefur greitt og varðar umsókn, svo sem gögn vegna greiðslu ferða- og uppihaldskostnaðar og annars kostnaðar sem varðar umsókn sbr. nánar 12. grein. Sjóðurinn greiðir ekki kostnað sem lögreglumaður hefur sjálfur lagt út fyrir og greitt heldur eingöngu kostnað sem lögreglustjóri leggur út fyrir og greiðir.

Sé um að ræða umsókn vegna náms, þjálfunar eða fræðslu sem fyrirhuguð er á næstu sex mánuðum skal embætti senda gögn um áætlaðan kostnað samhliða umsókn.

Með umsókn skal fylgja staðfesting menntastofnunar á að lögreglumaður hafi verið skráður í nám, fræðslu- eða þjálfunarnámskeið, lýsing á því eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, upplýsingar og gögn um kostnað og hvenær framhaldsnám, fræðslu- eða þjálfunarnámskeið sem umsókn byggir á fór fram, og aðrar þær upplýsingar sem sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar.

Stjórn sjóðsins getur vikið frá ofangreindum skilyrðum ef brýna nauðsyn ber til.

9.gr.

Ákvarðanir stjórnar og málsmeðferð

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um meðferð umsókna og getur óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum vegna umsókna. Ákvörðun stjórnar getur falið í sér styrkveitingu í heild eða að hluta, styrkveitingu með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist stjórn sjóðsins, ákvörðun um frestun á meðferð umsókna eða ákvörðun um synjun umsókna. Ákvörðun stjórnar sjóðsins er endanleg ákvörðun á stjórnarsýslustigi.

Við mat á umsóknum og ákvörðun um styrkveitingu getur stjórn sjóðsins m.a. lagt til grundvallar, hvort framhaldsnám það sem sótt er um sé að mati stjórnarinnar sérstaklega til þess fallið að gagnast viðkomandi umsækjanda í núverandi starfi. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og/eða Mennta- og starfspróunarseturs lögreglu.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að forgangsraða umsóknum og taka ákvörðun um synjun umsóknar eða veitingu styrks í heild eða að hluta, m.a. út frá áhuga og færni lögreglumanns, þörf embættis sem lögreglumaður starfar hjá fyrir það framhaldsnám, fræðslu- eða þjálfunarnámskeið sem ætlunin er að afla, ef einungis hluta tímans vegna dvalar erlendis sé varið til náms-, fræðslu eða þjálfunar, stjórn sjóðsins hafi áður veitt styrk til sambærilegs náms, fræðslu- eða þjálfunarnámskeiðs, svo og hvort umsækjandi hafi áður hlotið styrkveitingu úr sjóðnum eða njóti styrkja annars staðar frá en í slíkum tilvikum er heimilt að synja umsókn. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að gera það að skilyrði styrkveitingar að viðkomandi styrkþegi skili stuttri samantekt í formi skýrslu um það nám sem um ræðir og/eða skili afriti af prófskírteini eða staðfestingu um að framhaldsnámi, fræðslu eða þjálfun hafi verið lokið.

10.gr.

Álitsumleitan

Við meðferð umsókna um styrk og annarra erinda getur stjórn sjóðsins ráðfært sig við menntastofnun, fræðslu- eða þjálfunaraðila um forsendur og gæði náms, fræðslu- eða þjálfunarnámskeiðs, hvort samsetning námsins sé þannig líkleg til þess að stuðla að aukinni þekkingu og bættri starfshæfni umsækjanda og önnur atriði sem þýðingu kunna hafa samkvæmt reglum þessum.

11.gr.

Ráðstefnur, málstofur, kynnisferðir, vinnufundir og sambærilegt
Stjórn sjóðsins er heimilt að synja umsókn um styrk vegna ráðstefnu, málstofu, náms- og kynnisferðar, fundar, námstefnu og annarra sambærilegra viðburða sem falla ekki að meginmarkmiðum eins og þeim er lýst í reglum þessum samkvæmt 2. gr. eða heimildarákvæðum

samkvæmt 3. gr. Þá er enn fremur heimilt að synja umsókn ef viðburður sem umsókn varðar fellur undir starfsskyldur lögreglumanns eða samstarf lögregluembætta að mati stjórnar og telst þ.a.l. vinnufundur og hluti af verkefnum embættis og starfi hlutaðeigandi lögreglumanns.

Nú varðar umsókn um styrk ofangreinda viðburði sem fram fara erlendis og skal þá almennt miðað við að ekki sé veittur styrkur vegna sama lögreglumanns oftár en á þriggja ára fresti. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að veita styrk oftár ef þörf embættis sem um sækir fyrir því að styrkur sé veittur oftár er skýr og hún rökstudd sérstaklega í umsókn.

12.gr.

Útgjöld og styrkveiting

Til útgjalda sem styrkveitingu er ætlað að ná yfir teljast fæðiskostnaður, ferðakostnaður, s.s. vegna aksturs og flugfargjalda, gisti- og dvalarkostnaður, sem og annar kostnaður sem ætla má að falli undir hefðbundinn ferða- og dagpeningakostnað. Dagpeningar falla ekki undir útgjöld samkvæmt framangreindu. Þá er stjórn sjóðsins enn fremur heimilt að veita styrk vegna skráningar- eða þátttökukostnaðar lögreglumanns í þágu framhaldsnáms, fræðslu eða þjálfunar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða fasta greiðslu til viðmiðunar vegna fæðiskostnaðar og getur m.a. stuðast við viðmiðunarfjárhæðir ferðakostnaðarnefndar ríkisins á hverjum tíma. Ef svo háttar er ekki þörf á að gögn vegna fæðiskostnaðar séu lögð fram með umsókn um styrk.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðila er varðar kostnaðarliði vegna fæðis, ferðakostnaðar og gisti- og dvalarkostnaðar, vegna þeirra lögreglumanna sem njóta styrkja.

Vilji lögreglumaður ekki nýta sér þá ferðamöguleika, gistingu og fæði sem er í boði samkvæmt samningi stjórnar, er stjórn sjóðsins heimilt að meta slík tilfelli sérstaklega og styrkja með öðrum hætti, en umsækjandi skal þó í slíkum tilfellum aldrei styrktur um hærri fjárhæð en sem nemur útlögðum kostnaði, sem umsækjandi getur sýnt fram á með framlögðum reikningum og getur fjárhæð styrkjar í einstöku tilfelli aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur viðmiðunarfjárhæðum dagpeninga vegna starfsmanna ríkisins.

13.gr.

Fjárhæð styrkja

Árleg fjárhæð styrkja vegna umsókna skal að jafnaði ekki vera umfram 400 þúsund krónur vegna hvers lögreglumanns.

14.gr.

Samningar við aðila

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að annast þau störf sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

15.gr.

Hlutverk skrifstofu LL, útgreiðsla og meðferð styrkja

Greiðslu styrks skal þannig háttað að lögreglustjórar sem lagt hafa út fyrir kostnaði og greitt útgjöld vegna viðkomandi lögreglumanns skulu sækja um styrk til sjóðsins fyrir hönd lögreglumannsins, sbr. 6.gr., en sjóðurinn endurgreiðir hlutaðeigandi lögreglustjóra í formi styrks og skulu greiðslur úr sjóðnum að jafnaði fara fram tvisvar á ári, í júní- og desembermánuði. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá áðurgreindri meginreglu í undantekningartilfellum, s.s. ef fyrirséð þykir að lögreglustjóri muni í upphafi ekki geta lagt út fyrir styrkfjárhæð.

Sjóðstjórn getur endurkrafið umsækjanda um þá styrkfjárhæð sem þegar hefur verið greidd beri svo við að lögreglumaður lýkur ekki námi, fræðslu- eða þjálfunarnámskeiði eða í ljós kemur að það hefur verið styrkt af öðrum aðila.

Styrkþegi ber sjálfur alla ábyrgð á skattalegri meðferð styrkja úr sjóðnum á framtali sínu gagnvart skattayfirvöldum.

Skrifstofa LL annast leiðbeiningar, utanumhald umsókna og útgreiðslu styrkja úr sjóðnum.

16.gr.

Umsýsla, vörslur og meðferð fjármuna sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal gæta að því að vörslur og meðferð fjármuna sjóðsins séu með tryggum og öruggum hætti og fjármunir sjóðsins séu

ávaxtaðir með ábyrgum hætti. Stjórn sjóðsins er óheimilt að skuldbinda sjóðinn meira en sem nemur eignum hans.

Umsýsla með fjármunum sjóðsins og útgreiðsla styrkja er hjá Landssambandi lögreglumanna.

17.gr.

Ársreikningur og staðfesting stjórnar

Árlega skal stjórn sjóðsins fara yfir áritaðan ársreikning sjóðsins frá löggiltum endurskoðanda og skulu allir stjórnarmenn staðfesta hann fyrir sitt leyti með undirritun. Skal stjórn sjóðsins taka saman stutta skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag sjóðsins og starfsemi hans.

18.gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt grein 10.4.1 kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Landssambands lögreglumanna hins vegar 30. apríl 2005, sbr. 13. grein samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila sem fylgdu gerðardómi í máli sömu aðila frá 23. september 2011, og bókun 2 með samkomulagi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila frá 16. apríl 2014, svo og framlengingar 28. október 2015 og 16. september 2020, öðlast þegar gildi. Falla þá úr gildi eldri reglur um fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna frá 21. desember 2021.

Reykjavík, 22. desember 2022

Kári Erlingsson

Ragnar Svanur Þórðarson

Halla Bergþóra Björnsdóttir

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson

Fullgild rafraun undirskrift

HÓLMSTEINN GAUTI SIGURÐSSON

Kennitala: 261073 3079
2022-12-19 13:14:53 GMT
Ástæða Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift

HALLA BERGPÓRA BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 160769 3869
2022-12-19 13:30:27 GMT
Ástæða Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift

KÁRI ERLINGSSON

Kennitala: 160882 3799
2022-12-20 17:13:08 GMT
Ástæða Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift

RAGNAR SVANUR ÞÓRÐARSON

Kennitala: 310573 3109
2022-12-21 08:06:37 GMT
Ástæða Undirskrift